



Leikskólinn Furugrund Kynningarbæklingur



Leikskólinn Furugrund, Furugrund 1-3, 200 Kópavogur. Sími: 441 6300 .
Netfang: furugrund@kopavogur.is

Leikskólinn Furugrund tók til starfa í apríl 1978 og starfar eftir lögum um leikskóla, Aðalnámskrá leikskóla og skólanámskrá Furugrundar (er í endurskoðun). Leikskólinn er sex deilda leikskóli staðsettur í tveimur húsum. Deildirnar eru aldurskiptar þar sem tvær deildir eru fyrir yngstu börnin, tvær deildir fyrir 2-3 ára börn og tvær deildir fyrir næst elstu og elstu börnin.

Starfsfólk Furugrundar starfar eftir einkunnarorðunum;

Virðing, hlýja, öryggi og traust.

Höfum við einkunnarorðin að leiðarljósi í öllu okkar starfi.

Það sem skipar öndvegi í starfi leikskólans eru þættir eins og;

- Tilfinningagreind, samskiptafærni og félagsfærni.
- Málörvun
- Þróun hljóðkerfisvitundar og læsi í víðum skilningi
- Lýðræði og réttindi barna

Furugrund er einn af fimm fyrstu skólum í heiminum á leikskólastigi til að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna en skólinn er Réttindaskóli og byggir starf sitt á lykilhugtök barnasáttmálans sem eru umhyggja, vernd og þátttaka.

Leikskólinn Furugrund er eTwinning skóli en leikskólinn hefur í mörg ár tekið þátt í Evrópusamstarfi og hefur það samstarf skilað mikilvægri skólaþróun. Einnig erum við ítrekað þátttakendur í Erasmus+ verkefnum en þau byggja á fjölbreyttu evrópsku samstarfi sem miðla að nýsköpun í kennslufræðum, þróun hæfni og færni kennara og þróun samstarfs í kennslu á milli landa.

Í ár er leikskólinn þátttakandi í tveimur Evrópu samstörfum. Einu sem snýr að mikilvægi vatns og ber heitið, *Life in a drop of water* og öðru samstarfsverkefni við skóla frá Wales sem snýr að vinnubrögðum, aðalnámsskrá, skráningum og stjórnsýslu.

Börnin njóta góðs af þessu þróunarstarfi með þátttöku sinni í verkefnum en þau bjóða upp á ýmsa spennandi möguleika.

Að byrja í leikskóla

Þegar barn hefur fengið leikskólapláss á Furugrund eru foreldrar boðaðir í fyrsta viðtal með deildarstjóra viðkomandi deildar. Þar er farið yfir starfsemi leikskólans, skipulag aðlögunar, skipst á mikilvægum upplýsingum ásamt því að kynna húsnæði skólans og starfsfólk fyrir foreldrum. Opið hús er á haustönn á deild barnsins þar sem foreldrum gefst tækifæri á að hitta starfsfólk deildarinnar og skoða sig um.

Aðlögun

Í upphafi leikskólagöngu er grunnur lagður að góðri líðan barns og jákvæðu samstarfi við foreldra. Aðlögunartíminn er gagnkvæmur námstími fyrir alla. Mikilvægi þess að standa vel að aðlögun barns í byrjun leikskólagöngu er því mikið. Leikskólinn styðst við þáttökuaðlögun en hún byggir á því að ekki sé verið að venja barnið við að vera skilið eftir í leikskólanum, heldur sé barnið að læra að vera í nýjum aðstæðum með foreldri sínu. Ef þau upplifa foreldri sitt öruggt verða þau sjálf örugg.

Við upphaf leikskólagöngu er margt sem barnið þarf að læra og aðlagast að svo sem að kynnast nýjum börnum og fullorðnum, nýtt umhverfi, samskipti og nýjar reglur. Aðlögun er því krefjandi tími fyrir barnið og því er mikilvægt að sinna henni vel.

Aðlögunin byggir á fullri þátttöku foreldranna í leikskólastarfinu þá daga sem aðlögunin á sér stað. Með því fá foreldrar kjörið tækifæri til að kynnast starfinu og kennurum leikskólans, dagsskipulagi og leiknum sem stuðlar að öryggi og trausti foreldra í garð leikskólans.

Miðað er við að aðlögun í Furugrund taki eina viku en það getur þó verið breytilegt eftir því hvernig gengur fyrir barnið að aðlagast.

Stefna og uppeldislegar áherslur

Ýmsir áhrifavaldar og kenningar innan uppeldisfræðinnar hafa áhrif á starf okkar með börnunum. Við byggjum starf okkar meðal annars á jákvæðum aga Aldred Adleer og Rudolf Dreikurs en þessi uppeldisstefna byggir á sjálfsstjórnarkenningum sem fela í sér að horft er á orsakir hegðunar fremur en að reyna að breyta hegðuninni með umbun og refsingu. Jákvæður agi gengur út á að móta umhverfi sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisn, vinsemd og festu og endurspeglar því vel einkunnarorð Furugrunda.

Að þróa með sér virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, öðlast öryggi og geta treyst er afar mikilvægt. Í stefnu jákvæðs aga eru sett skýr mörk en ávallt með góðvild og festu. Börnin eru hvött til þess að skýra út sjónarmið sín og samskipti byggja á samvinnu og hlýju. Börnunum er sýnd mikil hlýja og alúð á sama tíma og þau eru örvuð til þroska.

Sjálfsprottinn leikur

Sjálfsprottinn leikur er námsleið ungra barna og skal því vera meginnámsleið í leikskólum. Sjálfsprottinn leikur greinist frá öðru atferli vegna þess að hann er leiddur af börnum. Þau ákveða sjálf að leika, hvar og hvenær hann fer fram og um hvað þau leika. Þau semja sjálf reglur leiksins, skipuleggja upphaf, framvindu og lok hans. Með sjálfsprottnum leik er til dæmis átt við hlutverkaleik, byggingaleik og ærslaleik en þar þurfa börn að læra að setja mörk. Einn mikilvægasti þáttur í námi barna er tengsl þeirra við aðra. Í leik skapast vettvangur fyrir spurningar og þar læra börn að leysa vandamál sem upp koma á eigin forsendum.

Leikur yngstu barna leikskóla hefst með hreyfingu líkama, merkingasköpun þeirra fer þannig fyrst og fremst fram í gegnum líkamlegar athafnir. Smám saman verða félagsleg einkenni leiksins ljósari og talað mál meira áberandi. Þegar börn leika sér saman mynda þau félagslega hópa og skapa eigin menningu. Þau taka þátt í lýðræðislegum athöfnum meðal annars þegar þau setja fram eigin hugmyndir og þurfa jafnframt að skilja hlutina frá sjónarmiðum annarra.

Leikur getur virkjað sköpunarkraft barna og löngun þeirra til að læra og afla sér þekkingar. Í leik geta börn unnið með og gert tilraunir með hugmyndir sínar og öðlast nýjan skilning og nýja þekkingu. Fjöldi námsþátta eflast í leik, jafnt vitrænir sem skapandi. Leikur kallar á fjölbreytta notkun tungumáls, hreyfingu, félagsleg samskipti og tilfinningatengsl. Börn eiga að fá tækifæri til að leika sér á eigin forsendum, en jafnframt er það ábyrgð leikskólakennara að vera til staðar, styðja við leikinn og taka þátt í honum á forsendum barnanna og leiksins.

Foreldrasamstarf

Metnaður okkar fyrir foreldrasamstarfi er mikill og leggjum við ríka áherslu á gott upplýsingaflæði. Opin og jákvæð samskipti eru lykill að því að byggja upp traust og er mikilvægt að gagnkvæm virðing sé höfð í samskiptum milli skóla og foreldra. Við leikskólann starfa bæði foreldrafélag og foreldraráð.


Hlutverk foreldrafélagsins er að skipuleggja í samvinnu við starfsfólk skemmtilegar uppákomur fyrir börnin svo sem danskennslu, sveitaferð og sumarhátíð leikskólans auk fræðslu fyrir foreldra ef svo ber

Opnunartími

Leikskólinn opnar kl: 7:45 og lokar 16:30. Forráðamönnum ber að virða þann dvalartíma sem um er samið og undirritað er í dvalarsamningi. Barn og forráðamaður skal mæta og yfirgefa skólann innan umsamins dvalartíma. Starfsmannahald er skipulagt með tilliti til fjölda barna á hverjum tíma.

Vala– upplýsinga og innskráningarkerfi

Furugrund notar upplýsinga- og innskráningarkerfið Völu. Vala er smáforrit þar sem foreldrar geta meðal annars skráð inn fjarvistir, séð tilkynningar og fréttir frá leikskólanum, sent og tekið á móti skilaboðum og séð matseðla og atburðardagatal leikskólans. Hægt er að nálgast Völu appið í Play/App Store en einnig er hægt að nálgast Völu á [Innskráning-Advania \(island.is\)](#).



Upplýsingagjöf

Upplýsingatöflur hanga í fataherbergjum eða við deildir og biðjum við foreldra að fylgjast með þeim ásamt því sem berst með tölvupóstum, skilaboðum með [Völu](#) sem og síðu foreldrafélags Furugrundar ásamt heimasíðu [Furugrundar](#). Vikupóstar frá deildarstjórum berast í vikulok og er þar að finna gagnlegar upplýsingar sem nauðsynlegt er að kynna sér.

[Heimasíða leikskólans](#) er svo einnig mikilvægur þáttur í upplýsingagjöf til foreldra en þar er hægt að sjá fréttir frá leikskólanum ásamt öðrum gagnlegum upplýsingum um leikskólstarfið.

Fjarvistir barna

Vinsamlegast tilkynnið fjarvistir barna í gegnum Völu appið eða hringið í síma 441–6300. Það kemur fyrir að mönnun sé knöpp og þá er okkur afar mikilvægt að foreldrar tilkynni fjarveru barnanna sinni. Það gefur okkur betri mynd af því hvernig dagurinn verður og auðveldar allt skipulag.

Leikskólagjöld

Leikskólagjöldin eru innheimt í gegnum heimabanka. Greitt er fyrirfram og er eindagi 10. hvers mánaðar. Skuldi foreldrar þrjá mánuði eða meira verður samningi um leikskólavist sagt upp af hálfu Kópavogsbæjar og gerist það sjálfkrafa

Breyting á vistunartíma

Óski foreldrar eftir breytingu á vistunartíma skal sótt um það í Völu appinu fyrir 15. hvers mánaðar til að breyta næstkomandi mánuði. Leikskólastjóri tekur fyrir hverja umsókn og metur hversu hratt er hægt að bregðast við henni.

Uppsagnarfrestur

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á leikskóladvöl er einn mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Segja þarf upp dvalarsamningi skriflega hjá leikskólastjóra.

Slys og tryggingar

Á dvalartíma barnsins í leikskólanum er skólinn ábyrgur fyrir barninu. Verði óhapp eða slys hefur leikskólinn samband við foreldra og gefur þeim kost á að fara með barn sitt á heilsugæslu eða bráðamóttöku. Náist ekki í foreldra eða aðra fjölskyldumeðlimi þá fer starfsfólk leikskólans með barnið.

Öll slík óhöpp eða slys eru skráð á sérstök rafræn eyðublöð og eru börnin slysatryggð í leikskólanum. Hafi slysin varanlegar afleiðingar gilda almennir tryggingaskilmálar. Leikskólinn greiðir fyrir fyrstu læknavitjun ef barn slasast í leikskólanum. Auk þess eru skyndihjálparnámskeið inni í símenntunaráætlun starfsfólks leikskólans.



Skipulagsdagar

Skipulagsdagar eru fimm á ári og leikskólinn því lokaður þá daga. Starfsfólk notar starfsdagana til að endurmeta og undirbúa starfið ásamt því að þeir eru einnig nýttir í námskeið og fyrirlestra.

Sumarleyfi

Lágmarkssumarleyfi eru fjórar vikur og eru gjaldfrjáls. Leikskólinn er lokaður í fjórar vikur ár hvert og er lokunin frá öðrum þriðjudegi júlímánaðar fram til annars fimmtudags ágúst mánaðar.

Lokanir leikskólans utan sumarleyfis

Leikskólar Kópavogs eru lokaðir á milli jóla og nýárs, í dymbilviku (páskavikan) og í vetrarfríum sam- hliða Snælandsskóla sem eru tveir dagar í október og tveir dagar í febrúar ár hvert.

Matseðlar

Matráður vinnur matseðil leikskólans í samráði við aðstoðarleikskólastjóra og í samræmi við ráðlegg- ingar embættis landlæknis. Matseðill er gerður einn mánuð í senn og birtist hann í Völunni sem og á heimasíðu skólans.

Afmæli

Þegar börn eiga afmæli er í boði að koma með veitingar að heiman í leikskólann og er þá yfirleitt haldið upp á afmælið í hádeginu. Afmælisbarninu er gert hátt undir höfði og fær það kórónu og er borðþjónn í matartímanum. Einnig velur afmælisbarnið sér hátíðardisk og glas úr afmælisskáp skólans.

Vakin er sérstaklega athygli á því að foreldrar reyni að hafa hollustuna í fyrirrúmi við val á veitingum. Hugmyndir af veitingum eru til dæmis saltstangir, popp, ávaxtabakkar, ávaxtanammi.

Veikindi barna

Leikskólastarfið er skipulagt á þann hátt að öll börn geti tekið þátt í því hvort sem verkefni eru úti eða inni. Við leggjum áherslu á útiveru að lágmarki einu sinni á dag.

Ef barn er veikt þá á það ekki að koma í leikskólann sem og að ef foreldrar telja að barn sé að veikjast, þá er æskilegt að það sé heima. Veik börn smita önnur börn.

Innivera í einn dag eftir veikindi barns er leyfileg en innivera sem fyrirbyggjandi leið er ekki leyfð.

Lyfjagjöf

Lyfjagjöf er ávallt á ábyrgð foreldra en lyf eru gefin í leikskólanum ef þörf er á líkt og sýklalyf eða púst.

Ofnæmi, óþol, astmi

Tekið er tillit til ofnæmis og óþols varðandi matarræði ef fyrir liggur vottorð frá lækni. Mikilvægt er að endurnýja vottorðið árlega.

Ef barn með ofnæmi eða óþol er fjarverandi í leikskólanum er mikilvægt að tilkynna það fyrir kl 08:00 dag hvern. Einnig er tekið tillit til útiveru astma veikra barna og þá sérstaklega þegar mikil loftmengun er.

Fatnaður barna og aðrir praktískir hlutir

Í fataherberginu á barnið merkt hólfi. Æskilegt er að barnið þitt sé með tvo fjölnota poka í hólfinu, einn undir blaut útiföt og einn til að ferja föt á milli heimilis og skóla. Mikilvægt er að viðeigandi klæðnaður sé í hólfi barnsins hverju sinni. Í hólfinu þurfa alltaf að vera:

- Úlpa
- Hlý peysa (ullar eða flís)
- Vettlingar (tvö eða fleiri pör)
- Húfa (gott er að hafa eina léttu og aðra hlýja).
- Flísbuxur og/eða hlýjar utanyfirbuxur
- Regnföt
- Stígvél
- Ullarsokkar
- Kuldagalli (þegar kólnar í veðri)
- Kuldaskór (þegar kólnar í veðri)

Á yngri deildum koma foreldrar með: Bleyjur, blautþurrkur, snuð, bossa krem.

Auka Fatnaður barna og aðrir praktískir hlutir

Barnið á síðan körfu undir aukaföt. Passa þarf upp á að í körfunni sé nóg af :

- Nærfatnaði (tvö sett)
- Sokkum (tvö pör)
- Síðermabolum, peysum og buxum

Kíkja þarf reglulega í körfuna og fylla á hana eftir þörfum. Munið að **merkja vel** allan fatnað. Allur útifatnaður er tekinn heim á föstudögum og þrifinn ásamt öllum skófatnaði.

Í leikskólanum förum við út alla daga óháð veðri.

Ekki er leyfilegt að barnið komið með dót í leikskólann en þó er leyfilegt að koma með mjúkdýr til að hafa í hvíld ef við á. Einnig má koma með bók að heiman.



Starfsfólk

Nánari upplýsingar er hægt að finna á heimasíðu leikskólans sem og við inngang hverrar deildar.

Skólastjóri : Eva Sif Jóhannsdóttir

Aðstoðarskólastjóri: Helga Hanna Þorsteinsdóttir

Skrifstofa → 441-6300

Sérkennslustjóri: Sólveig Sigurvinsdóttir beinn sími → 441-6313

Deildarstjóri á Álfasteini : Arna Borg Snorradóttir beinn sími → 441-6313

Deildarstjóri á Dropasteini : Guðlaug Ólafsdóttir beinn sími → 441-6311

Deildarstjóri á Dvergasteini : Halla Jónsdóttir beinn sími → 441-6314

Deildarstjóri á Mánasteini: Lovísa Rut Jónsdóttir beinn sími → 441-6312

Deildarstjóri á Óskasteini: Karólína Lárusdóttir beinn sími → 441-6316

Deildarstjóri á Töfrasteini: Valdís Ýr Vigfúsdóttir beinn sími → 441-6315

Matráður: Yrma L. Rosas



Dagskipulag fyrir 4-6 ára börn:

7:45 Leikskólinn opnar

8:00 – 8:45 Morgunverður

9:00 – 11:00 Hópastarf/sjálfspröttinn leikur/jóga/leikfimi

11:00 – 11:30 Söngstund/tónlist/Lubbi/Blær

11:30 – 12:00 Hádegisverður

12:00 – 12:30 Sögustund/hvöld

12:30 – 14:00 Útivera

14:00 – 15:00 Samverustund og síðdegishressing

15:00 – 16:30 Leikur/útivera leikskólinn lokar

Dagskipulag fyrir 1-3 ára börn

7:45 Leikskólinn opnar

8:00 – 8:45 Morgunverður

9:00 – 11:00 Hópastarf/sjálfspröttinn leikur/jóga/leikfimi/söngur/Lubbastund

11:00 – 11:30 Hádegisverður

11:30 – 12:00 Hvöld/sögustund

12:30–14:00 Hvöld/Útivera/sjálfspröttin leikur

14:30 – 15:00 Síðdegishressing

15:00 – 16:30 Sjálfspröttinn leikur/útivera leikskólinn lokar

